



Fréttabréf - Desember

skólaárið 2022-2023

VATNSENDASKÓLI

Frá skólastjóra

Tíminn líður hratt og nú er aðventan gengin í garð. Á morgun, föstudag, verður skólinn skreyttur hátt og lágt og mun því verða jólalegt hér í skólanum. Jólakaffihúsið verður á sínum stað í desember og fá nemendur heitt kakó og smákökur og hlusta á upplestur úr nýútkomnum bókum.

Ein af okkar vinsælustu hefðum í desember er að vera með jólasveinaleika með öllum nemendum. Leikarnir hafa verið haldnir í Kórnum en nú ætlum við að breyta til og hafa þá hér í skólanum. Jólasveinaleikarnir verða 19. desember og mæta nemendur kl: 8:30 þann dag. Þetta eru fjölgreindarleikar þar sem keppt er í óhefðbundnum greinum, s.s. stígvélakasti, turnasmíði, lagabotnum og mörgu öðru. Dagurinn endar með pizzum fyrir alla nemendur og lýkur skóladeginum klukkan 12. Frístundin opnar eftir matinn fyrir þá sem eru skráðir þar.

Föstudaginn 16. desember mun skólinn bjóða upp á jólamat fyrir alla nemendur og þriðjudaginn 20. desember verða allir árgangar með jólastund í skólanum. Upplýsingar um þær berast ykkur síðar frá umsjónarkennurum.

Að lokum sendi ég ykkur innilegar jólakveðjur frá skólanum og vona að þið njótið aðventunnar í faðmi fjölskyldu og vina og nýtið tímann til samveru með þeim sem standa ykkur næst.

María Jónsdóttir, skólastjóri Vatnsendaskóla

Réttindaskóli - höfum hlotið viðurkenningu sem réttindaskóli

Fimmtudagurinn 24. nóvember var stór dagur hér í Vatnsendaskóla þegar skólinn, frístundin Stjörnuheimar og félagsmiðstöðin Dimma tóku við viðurkenningu sem réttindaskóli Unicef. Allir nemendur skólans komu saman í íþróttahúsinu og tóku þátt í hátíðarhöldum í tilefni dagsins. Þar voru haldnar ræður og skemmtiatriði frá nemendum voru sýnd. Kórin okkar söng nokkur lög og var endað á skólasöng Vatnsendaskóla og tóku allir nemendur undir í söngnum.

Undirbúningurinn að þessum degi hófst haustið 2019 en þá hófum við samstarf við Unicef með það að markmiði að fá vottun sem réttindaskóli Unicef. Markmiðið með verkefninu er að börn og ungmenni verði gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í samfélaginu í dag. Meginþátturinn í verkefninu er að fylgja barnasáttmálanum og koma honum inn í allt starf sem tengist skólanum, frístundinni og félagsmiðstöðinni, t.d. varðandi ákvarðanatökur, samskipti og margt fleira.

Réttindaráð skipað nemendum í 3. – 10. árgöngum var stofnað strax og hefur það fundað á tveggja vikna fresti yfir veturinn. Margar góðar hugmyndir hafa komið frá réttindaráðinu og hafa þau einnig fengið góðar hugmyndir frá öðrum nemendum skólans. Í frístundinni er starfrækt barnaráð og þar geta nemendur komið hugmyndum á framfæri. Nemendur hafa einnig unnið undir handleiðslu kennara að ýmsum verkefnum tengdum barnasáttmálanum og má sjá þau um skólann.


Við munum halda áfram þessari vinnu hér í skólanum um ókomna tíð en endurmat verður gert eftir þrjú ár. Við munum vinna eftir barnasáttmálanum og hafa að leiðarljósi að börn hafa rödd og sú rödd á að heyrast.

Góðgerðarsöfnun Vatnsendaskóla

Sú hefð hefur skapast hér í Vatnsendaskóla að styrkja góðgerðafélag í desember undir yfirskriftinni „Margt smátt gerir eitt stórt“. Í ár er engin undantekning á því. Réttindaráð Vatnsendaskóla fékk það hlutverk að velja góðgerðafélag til að styrkja og varð Unicef fyrir valinu. Formleg söfnun var sett af stað 24. nóvember sl. þegar skólinn fékk viðurkenningu fyrir vera réttindaskóli Unicef. Við vonum að sem flestir sjái sér fært um að leggja henni lið. Baukurinn er staðsettur á skrifstofu skólans en einnig er hægt að leggja inn á reikning skólans, reikningsnúmer: 537-14-620889 kt: 580805-1080 og muna að skrifa í skýringu: Góðgerðasöfnun. Markmið söfnunarinnar er að gera börn meðvituð um góðverk, hlutverk góðgerðafélaga og tilgang.



Réttindaskóli Unicef



Áhugaverðar dagsetningar í desember og janúar

02.12 Skreytingardagur

12.-16.12 Jólakaffihús

16.12 Jólamatur

19.12 Jólasveinaleikar

20.12 Jólaskemmtun

03.01 Skipulagsdagur

04.01 Skóli hefst að nýju eftir jólafrí

16.01 Annarskil - Nýjar valgreinar hefjast á elsta stigi.



Spjaldtölvuþingur Kópavogsbæjar

Gagnlegar og mikilvægar upplýsingar eru að finna á spjaldtölvuþingnum.

Smelltu [hér til](#) að skoða vefinn.

Námsvefur Vatnsendaskóla

Inn á námsvef Vatnsendaskóla er margt áhugavert þar má t.d finna námsefniskynningar og kennslu-áætlanir. Smelltu [hér til](#) að skoða námsvefinn okkar.

Mötuneyti Vatnsendaskóla er starfrækt fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans.

Lögð er áhersla á fjölbreytta fæðu og starfar mötuneytið eftir lýðheilsuþáttum. Hér er að finna [matseðil](#) næstu vikna.

Frá því í október hefur verið boðið upp á grænkerafæði fyrir nemendur og starfsmenn.

Ef óskað er eftir skráningu í grænkerafæði skal senda upplýsingar til Alla kokks á netfangið alfred@kopavogur.is (nafn barns, kennitala, árgangur og nafn greiðanda) fyrir 20. dag hvers mánaðar.

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að senda hugmyndir að nýjum og áhugaverðum réttum á alfred@kopavogur.is hvort heldur almenna rétti eða grænkerafæði.

Við minnum á að Vatnsendaskóli er [hnetu-](#), [möndlu-](#) og [kívílaus](#) skóli.

Saman gerum við gott mötuneyti betra !



Við viljum minna á :

- ◆ **Sleppisvæði** við Vatnsendaveg til að minnka umferð í kringum skólann.
- ◆ Minnum á notkun á **endurskinsmerkjum**, þau geta bjargað mannlífum.
- ◆ Allir nemendur eiga að koma **klæddir eftir veðri alla daga**. Gott er að hafa auka sokka, buxur eða annað sem þarf í töskunni á blautum og köldum dögum.

[Eineltisáætlun](#) Vatnsendaskóla er að finna á heimasíðu skólans www.vatnsendaskoli.is þar er einnig að finna ýmsan fróðleik sem að tengist skólastarfi okkar. Við minnum líka á fésbókarsíðu skólans — Vatnsendaskóli

Umferð í kringum Vatnsendaskóla

Við viljum minna á að aka varlega í kringum skólann.

Vinsamlega hugið að hraðatakmörkunum og börnum sem eru á leið í skólann.

Við minnum einnig á mikilvægi endurskinsmerkja.


Verum sýnileg

- Endurskinsmerki virka eins og blikkljós þegar ljós skín á þau
- Ökumenn sjá vegfarendur með endurskin á.m.k. **5x** fyrir
- Því fyrir sem þú sést - því öruggari ertu!

Best er að staðsetja endurskin

- fremst á ermum
- hangandi meðfram hliðum
- á sköm eða buxnakálmum
- á bakpoka eða tösku

Samgöngustofa



Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Foreldrafélagið minnir á röltplan og hvetur foreldra til að hittast og rölta saman. Röltið er góður vettvangur til að kynnst foreldrum bekkjarfélaga enn betur ásamt því að stunda hreyfingu í góðum félagsskap. Meðfylgjandi er röltplan út veturinn.

Röltplan 2022 - 2023

September - október

30. sept - 1. okt	Áhugasamir foreldrar
7. - 8. okt	10. bekkur
14. - 15. okt	9. bekkur
21. - 22. okt	8. bekkur
28. - 29. okt	7. bekkur

Nóvember

4. - 5. nóv	Áhugasamir foreldrar
11. - 12. nóv	6. bekkur
18. - 19. nóv	5. bekkur
25. - 26. nóv	4. bekkur

Desember

2. - 3. des	3. bekkur
9. - 10. des	2. bekkur
16. - 17. des	1. bekkur

Janúar

6. - 7. jan	Áhugasamir foreldrar
13. - 14. jan	10. bekkur
20. - 21. jan	9. bekkur
27. - 28. jan	8. bekkur

Febrúar

3. - 4. feb	7. bekkur
10. - 11. feb	6. bekkur
17. - 18. feb	5. bekkur
24. - 25. feb	Áhugasamir foreldrar

Mars

3. - 4. mars	4. bekkur
10. - 11. mars	3. bekkur
17. - 18. mars	2. bekkur
24. - 25. mars	1. bekkur
31. mars	Áhugasamir foreldrar

Apríl

1. apríl	Áhugasamir foreldrar
14. - 15. apríl	5. bekkur
21. - 22. apríl	6. bekkur
28. - 29. apríl	7. bekkur

Mái

5. - 6. maí	Áhugasamir foreldrar
12. - 13. maí	8. bekkur
19. - 20. maí	9. bekkur
26. - 27. maí	10. bekkur

Júní

2. - 3. júní	Áhugasamir foreldrar
--------------	----------------------

